Dagsetning 27.10.2026

Fréttatilkynning: Innköllun á Kanilsnúðaköku frá Kornax

Lífland ehf. hefur ákveðið í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að innkalla Kanilsnúðaköku frá Kornax.

Ástæða innköllunar: Aðskotahlutur (plaststykki) fannst í kanilsykurspoka sem fylgir með Kanilsnúðaköku.

Upplýsingar um vöru sem er innkölluð

Vörumerki: Kornax

Vöruheiti	Best fyrir:	Lotunúmer
Kanilsnúðakaka frá Kornax	18.08.2026	15012534403
Kanilsnúðakaka frá Kornax	10.11.2026	15012546102

Geymsluskilyrði: Þurrvara

Framleiðandi: Valsemøllen A/S, Esbjerg. Framleitt fyrir Lífland ehf. á Íslandi

Nettóþyng: 475g

Strikamerki: 5 690453 977919

Dreifingaraðilar: Krónan, Bónus, Hagkaup, Stórkaup, Fjarðarkaup, IKEA, Kaupfélag vestur Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Hlíðarkaup, Melabúðin, Verslun Einars Ólafssonar, Hraðbúðin Hellissandi, Víkurval og Fjölval Smáralind.

Neytendur sem eiga umrædda vöru eru beðnir um að neyta hennar ekki. Vörunni má farga eða fá nýja vöru í verslun Líflands á Korputorgi í Reykjavík. Nánari upplýsingar um innköllunina veitir Lífland í síma 540-1100 eða netfang lifland@lifland.is.